





GILDANDI DEILISKIPULAG, SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN 04.02.1997, M.S.BR.



BREYTT DEILISKIPULAG

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:

Gildandi deiliskipulag fyrir suðurhluta Oddeyrar gekk í gildi 1997. Ýmsar minniháttar breytingar hafa síðan verið gerðar á skipulagssvæðinu fyrir einstaka lóðir.

Deiliskipulagsbreytingin felst í því að endurskilgreina og endurskipuleggja svæðið fyrir lóðirnar Norðurgötu 3, 5 og 7.

Lóðir Norðurgötu 3, 5 og 7 sameinast í eina lóð, Norðurgötu 3-5-7. Sameinuð lóð stækkar um 56,4 m² til vesturs að lóð við Gránufélagsgötu 28 en stækkunin nær til svæðis sem tilheyrir Akureyrarbæ. Lóðirnar voru samtals 1116,1 m² en sameinuð lóð verður 1172,5 m².

Norðurgata 3 brann árið 2019 en eftir stendur grunnur hússins sem heimilt er að fjarlægja ásamt geymslu innar á lóðinni.

Núverandi spennistöð á lóð mun standa að mestu áfram og verður nýtt sem geymsla fyrir íbúa fjórbýlishúsanna. Heimilt verður að fjarlægja hluta spennistöðvarinnar til suðurs og byggja við hana til norðurs innan skilgreinds byggingarreits en er þetta gert til að skapa pláss fyrir bílastæði sunnan spennistöðvarinnar. Vegghæð og þakgerð verður óbreytt.

Innan lóðar veður heimilt að byggja tvö fjórbýlishús sem verða 2 hæðir og ris. Skilgreindur er einn byggingarreitur fyrir bæði fjórbýlishúsin. Mænisstefnu og bindandi byggingarlínur má sjá á uppdrætti.

Fjórbýlishúsin fá húsúmerin (staðföngin) 3 og 5 en spennistöðin fær húsúmerið (staðfangið) 7.


Þakgerð fjórbýlishúsanna er mænisþak. Hámarks vegghæð er 6,8m yfir gólfkóta jarðhæðar og er hámarks þakhæð 10,3m yfir gólfkóta jarðhæðar. Gólfkóti húsanna verður um 0,6m yfir aðliggjandi gangstéttum.

Fjórbýlishúsin og geymslan (spennistöðin) verða öll klædd með sambærilegu viðarformi í dökkum lit.

Nýtingarhlutfall sameinaðrar lóðar verður 1,00

Innan lóðar verða 9 bílastæði, þar af 1 fyrir hreyfihamlaða.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags suðurhluta Oddeyrar frá árinu 1997, með síðari breytingum.



SNÍÐ




HUGMYND AÐ ÚTLITI


DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM AUGLÝST HEFUR VERIÐ SKV. 1. MGR. 43. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 FRÁ _____ TIL _____
VAR SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN ÞANN _____

BÆJARSTJÓRI AKUREYRAR

SAMÞYKKT DEILISKIPULAGSBREYTINGARINNAR VAR AUGLÝST Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN _____



HLUTI ADALSKIPULAGS AKUREYRAR 2018-2030



AKUREYRARBÆR - ODDEYRI-SUÐURHLUTI
DEILISKIPULAGSBREYTING - TILLAGA
NORÐURGATA 3-5-7

KVARDI-A3: 1:1000 TEIKN NR: 001
DAGS: 25.08.2023 HANNAÐ: il
FLOKKUR: 6000 TEIKNAD: il
SKRÁ: VERKNR:

